

sölu spánarvina, sem hjer um ræðir, eftir að áfengislögin nr. 64 frá 7. maí 1928 gengu í gildi. Þar sem að reglugjörð sú, sem sett skyldi vera samkvæmt 45. gr. nefndra laga var ekki komin út, er brotið var framið, Hinsvegar virðist kærður hafa brotið gegn ákvæði 14. gr. áðurnefndra laga um verslunarátvinnu með því að selja spánarvin, þegar og er tekið tillit til þess, að kærður hefir margoft áður verið dæmdur fyrir samskonar brot og hefir sýnilega gjört sjer atvinnu að sölu spánarvina án þess að hafa verslunarleyfi.

Refsing sú, sem kærður hefir til unnið fyrir þetta brot þykir hæfilega ákveðin 500 króna sekt í rikissjóð, er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga.

Síðara brot kærðs ber að álitu dómarsans að heimfæra undir 16. gr. áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið fyrir það brot, hæfilega ákveðin 100 króna sekt í Menningarsjóð er greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 7 daga.

Auk þess greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 26. nóv. 1928.

Nr. 27/1928. **Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn

Kort Eyvindssyni (Enginn).

Útsvarsmál.

Úrskurður fúgetarjettar Rangárvallasýslu 17. des. 1925: LögtaKsgjörðin gagnvart Kort Eyvindssyni á Sámsstöðum 4. þ. m. skal úr gildi feld og skal hann sýkn af öllum þeim kostnaði, er hún hefir haft í för með sjer.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 20. apríl

þ. á., að fenginni gjafsókn dags. 27. nóv. 1926, nova-
leyfi dags. 26. s. m. svo og áfrýjunarleyfi og leyfi til
að áfrýja málinu þótt fjárfrafan nemi eigi 25 kr.,
dags. 29. mars þ. á., en með því að stefndi hefir eigi
mætt í málinu hefir það verið rekið skriflega og er
dæmt eftir framlögðum skjölum og skilrikjum.

Svo sem nánar er framtekið í hinum áfrýjaða
fógetarjettarúrskurði er ágreiningurinn í máli þessu
um það, hvort stefndi hafi haft rjett til þess að draga
 $\frac{1}{3}$ hluta frá útsvari, er á hann var lagt í Fljótshlíðar-
hreppi haustið 1924, sökum þess að lagt var á hann
aukaútsvar í Vestmannaeyjum vorið 1924, en þar
dvaldi hann 4 mánaðatíma, eða frá því í janúarmán-
uði og fram í maí nefnt ár.

Samkvæmt þágildandi lögum um þetta efni nr. 29,
19. júní 1922, hafði heimilisfastur gjaldandi, sem á
gjaldárinu hefir líka haft fast aðsetur annars staðar,
rjett til að draga frá ársútsvari sínu tiltölulega við
þann tíma, er hann hefir dvalið utan hreppsins, ef þar
hefir einnig verið lagt á hann útsvar. Skilyrði fyrir
því að þessu ákvæði verði beitt er þó fyrst og fremst
það, að hlutaðeigandi gjaldandi hafi á *gjaldárinu* haft
fast aðsetur annars staðar.

Þótt það sje ekki beinlínis tekið fram fyrir fógeta-
rjettinum verður að gera ráð fyrir því að aukaútsvar
það í Fljótshlíðarhreppi, sem lagt var á stefnda haustið
1924, hafi, eins og áfrýjandi heldur fram hjer fyrir
rjettinum, verið lagt á fyrir fardagaárið 1924—1925,
en frá útsvari á þessu gjaldári hafði stefndi eigi rjett
til að draga útsvar, er hann hafði greitt í Vestmanna-
eyjum, með því að þessi dvöl hans þar var öll fyrir
fardaga 1924, en lögín virðast eigi heimila frádrátt
fyrir útsvari, sem greitt er vegna dvalar á fyrra

gjaldári, enda þótt það hafi eigi komið til frádráttar á því ári.

Af þessari ástæðu verður að fella hinn áfrýjaða fógetarjettarúrskurð úr gildi og skylda fógetann til að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Það þykir eftir atvikum rjett að málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður, en málflutningslaun hins skipaða málflutningsmanns hreppsnefndarinnar, 60 kr., greiðist úr rikissjóði.

Þ v í d æ m i s t r j e t t v e r a :

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður er úr gildi feldur og ber fógetanum að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður, og greiðist málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns hreppsnefndar Fljótshlíðarhrepps, Jóns Ásbjörnssonar, 60 kr., úr rikissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir eru þeir er nú skal greina: Gjörðarþoli Kort Eyvindsson á Sámstöðum átti heima á þessum bæ árið 1924. Var hann þá vistráðið hjú þar hjá fóstura sínum Sigurði bónda Einarssyni.

En yfir vetrarvertið þetta sama ár rjedd hann til Vestmannaeyja 4ra mánaðartíma sem aðgjörðarmaður á fiski.

Að lokinni vertið var honum gert að greiða 10 kr. útsvar til sveitar í Vestmannaeyjum.

Aftur um haustið sama ár var lagt á hann ársútsvar í Fljótshlíð að upphæð 15 krónur, og þegar hreppsnefndaroddvitinn í Fljótshlíðarhreppi Sigurþór Ólafsson í Kollabæ, krafði hann um greiðslu á öllu útsvarinu fór gjörðarþoli þess á leit að fá dregnar frá 5 kr. af útsvarinu eða rjettan þriðjung

þess, af því að hann hafði haft fast aðsetur í Vestmannaeyjum þriðjung ársins og greitt þar útsvar.

Þessu neitaði oddvitinn og hefir nú látið taka þessar 5 kr. lög taki hjá gjörðarþola.

Gjörðarbeiðandi hefir fyrir fógetarjettinum framlagt skriflegt skjal, þar sem hann greinir sem ástæðu fyrir því, að hann vildi ekki taka til greina kröfu gjörðarþola um frádráttinn, að hreppsnefndin í Fljótshlíð, hafi myndað sjer þá skoðun um útsvarsálagningu þá, sem lögð er á menn sem dvelja í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð, að hún sje álagning á atvinnurekstur, og atvinnurekendur sjeu húsbændur þeirra manna sem verkin vinna en ekki þeir sjálfir, og því hafi hreppsnefndin við álagningu á húsbændur þessara manna — og um leið að sjálfsgöðu á húsbónda gjörðarþola — verið búin að taka þetta Vestmannaeyja-útsvar gjörðarþola til greina, með því að ákveða útsvar húsbóndans heima fyrir, þelm mun lægra.

En þessi skoðun hreppsnefndarinnar er að rjettarins áliti misskilningur, er enga stoð hefir í gildandi lögum, og mundi fremur gera hreppnum ógagn en gagn, ef rjett væri.

Gildandi lagafyrirmæli þau er koma til greina í þessu efni eru að finna í lögum nr. 29, 19. júní 1922, 1. gr.

Þarf eigi að lesa lengra en aðra málsgrein tjeðrar greinar til þess að sannfærast um, að vinna fyrir kaupgjald er í laganna skilningi enginn atvinnurekstur; væri svo mætti eftir sömu málsgrein leggja á alla menn úr Fljótshlíð útsvör, er aðeins stunduðu 4 vikur vinnu, við bátafiski, fiskaðgeið eða annað í Vestmannaeyjum.

Í öðru lagi verður ekki sjeð, að það sje sveitarsjóði Fljótshlíðar betra, nema siður sje, að þetta Vestmannaeyja-útsvar sje til greina tekið á þann hátt, að það komi til lækkunar á útsvari húsbóndans, heldur en, að það, aðeins að nokkrum hluta sje dregið frá útsvari hjúsins, eins og farið hefir verið fram á í þessu máli.

Í þriðja lagi verður það ekki sannað með aðferð hreppsnefndarinnar, að nokkur lækkun hafi átt sjer stað, eins og líka kom fram fyrir rjettinum að húsbóndi gjörðarþola vildi eigi við það kannast. Fyrir frádrætti samkvæmt lögnum gæti aftur á móti oddvitinn tekið viðurkenningu, ef honum sýndist svo.

En allt þetta skiftir þó engu máli hjer, heldur hitt að gjörðarþoli hafði 4 mánuði gjaldársins 1924 haft aðsetur í

Vestmannaeyjum og goldið þar 10 kr. útsvar, og það annað að niðurlag fyrstu málsgreinar áður nefndrar lagagreinar, mæli-ir svo fyrir, að ef á sama mann á sama gjaldári, er lagt útsvar á tveim stöðum, eins og hjer átti sjer stað, þá skal frá ársútsvarinu — (þar sem hann hefir lögheimili) — draga til-
tölulega við þann tíma, er hann dvaldi annars staðar, þó ekki meira en hann galt þar.

Krafa gjörðarpöla um 5 kr. frádrátt frá útsvari hans í Fljótshlíð 1924, er var 15 kr., var því fyllilega lögmæt; en gjörðarbeiðandinn virðist gagnvart gjörðarpöla hafa virt að vettugi áminst lagaákvæði, án þess að það hafi verið rjettlætt.

Mánudaginn 26. nóv. 1928.

Nr. 100/1927. **Hans P. Stangeland** (L. Jóhannesson)

gegn

Útbúi Landsbankans, Eskifirði

(Pjetur Magnússon).

Lögmæti stefnubirtingar.

Dómur gestarjettar Suður-Múlasýslu 10. nóv. 1926: Stefndir, Hans P. Stangeland, Marteinn Þorsteinsson, Jón Davíðsson, Stefán Jakobsson, P. Stangeland og Georg Georgsson greiði stefnanda útibúi Landsbankans á Eskifirði, einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 18000,00 msð 6% árs-
vöxtum frá 15. maí 1926 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % af upphæðinni í þóknun, 17 kr. í afsagnarkostnað og kr. 33,70 í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirt-
inguhans, að viðlagðri lagaáðför.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu útgefni 3. desbr. f. á. að fengnu áfrýjunar-
leyfi dags. 9. nóvbr. s. á. og novaleyfi dags. s. d.

Áfrýjandi, sem mætti ekki í málinu í undirrjetti, krefst þess hjer fyrir rjettinum að hinn áfrýjaði gesta-
rjettardómur og öll meðferð málsins fyrir gestarjett-